

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Grunntónfræði G2

Vorönn 2023

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: G1

Hæfniprep

Einingafjöldi:

### Áfangalýsing:

Töluverður tími fer í að festa í sessi skilning og kunnáttu nemandans í skráningu dúrtóntegunda og þriggja tegunda molltónstigans frá hvaða tóni sem er. Ennfremur að treysta vitneskju hans í greiningu hverskyns tónbila innan áttundar á blaði sem og að skrifa niður samsvarandi umbeðið tónbil frá hvaða tóni sem er. Merking og notkun um 30 algengustu ítalskra tónlistarorða er skoðuð. Notkun 8va og 8vb er útskýrð og unnið með þau ták. Farið er í aðaltóna, sammarka og samnefndar tóntegundir, tvíkross og tvöfalt bé, tónflutning, tvöfaldan punkt, C-lykla, algengar þríólur og bjálkunarreglur í samsettum tóktum kynntar. Í tónheyrn er áfram unnið með greiningu allra tónbila innan áttundar eftir heyrn, hrynllestur og hryndiktat í einföldum takti með ýmsa fjórdeilingu á slagi og laglínur heldur vandasamari en áður til söngs og niðurskriftar. Þá eru dúr og molltónstigar greindir eftir heyrn sem og ýmis lagform, tegund sönggraddar eða hljóðfæris, keðja og þrástef. Við lok áfangans tekur nemandinn grunnpróf í tónfræði.

### Námsmarkmið:

#### Þekking:

Nemandi þekki öll helstu grundvallarhugtök í tónfræði og merkingu þeirra. Hann kunni skil á áherslum og púlsi í tónlist og hrynrítun í einföldum takti, jafnvel með þríólum og tvöf. punkti og hafi kynnst samsettum takti. Hann átti sig vel á byggingu og hlutverki dúr og molltónstiga og geti ritað þá upp og greint eftir heyrn. Hann kunni skil á rétttri skráningu allra tónbila innan áttundar og greiningu þeirra eftir heyrn. Hann þekki merkingu u.þ.b. 30 algengustu ítalskra orða, hvað ottava táknið merkir, aðaltónar, sammarka og samnefndar tóntegundir og tvíkross og tvöfalt bé, viti um staðsetningu nótna í C-lykli og geti tónflutt lagbút á nótnastreng. Hann hafi þekkingu til að bera til að geta sungið aðgengileg stef, átti sig vel á mun tónferlis í dúr og moll, byggingu lagforma, geti greint keðju og þrástef og tegundir sönggradda.

#### Leikni:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: beita öllum helstu grundvallarhugtökum í tónfræði, greina og skrá bæði á blaði og eftir heyrn dúr og molltónstiga, öll tónbil innan áttundar og tví/fjór- og þrískiptan takt. Hann sé leikinn í að lesa hrynrítun þar sem slag getur verið tví eða fjórdeilt með algengustum hætti og söngrænar og tiltölulega einfaldar laglínur í dúr. Hann þarf líka að öðlast færni í að skrá nokkurra takta samsvarandi tónþæmi eftir heyrn, greina hvort tónþæmi er í dúr eða moll og formgreina einfalt lag.

#### Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að iðka tónlist þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Að loknum áfanganum telst hann hæfur til byrja miðnám í tónfræðagreinum.

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Námsgögn:

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg tónheyrnarverkefni		80%
Hrynlestur		10%
Sönglestur		10%

## Námsáætlun:

Skipulag annarinnar, efnisþættir, verkefnaskil o.fl. Setjið línu fyrir hverja viku, eða fleiri vikur saman ef hentar

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (2. – 6. jan 2023)	Endurlit á efni haustannar. Ýmsar tónheyrnaræfingar	
2. vika (9. – 13. jan. 2023)	Endurlit á aðferðir við að fullgreina tónbil á blaði og þau greind eftir heyrn. Hrynlestur með í einföldum taktegundum þar sem sumum slögum er að nokkru leyti deilt í fjórðunga. Sönglestur í tónt. með allt að 2 formerkjum.	
3. vika (16. – 20. jan 2023)	Áfram farið í aðferðir við að þekkja og skrá formerki í öllum dúrum og mollum. Ýmsar dúrar og mollar ritaðir upp ekki síst laghæfir og hljómhæfir. Öll tónbil innan áttundar greind eftir heyrn.	
4. vika (23. – 23. jan 2023)	Enn hnykkt á aðferðum við að að þekkja og skrá formerki í dúrum og mollum og þeir skráðir upp. Hrynlestur. Sönglestur í tónt. með allt að 3 formerkjum.	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

5. vika (30. jan – 3. feb 2023)	Ýmis hrynrítun skoðuð og hryndæmi af blaði greind. Farið í bjálkunarreglur. Hryn- og sönglestur og diktat.	
6. vika (6. – 10. feb 2023)	Príóllur skoðaðar og útskýrðar sem og tvöfaldur punktur. Dæmi með hvoru tveggja leikin og hryngreining æfð. Farið tvíkross og tvöfalt b og ástæður þess að þessi nótnaskift er notuð. Ýmsar tónheyrnaræfingar.	
7. vika (13. – 17. feb 2023)	Nemendur æfðir í að þekkja dúrtónstiga eftir heyrn og mismunandi gerðir molltónstiga. Hryn- og laglínudiktat. Farið í sammarka og samnefndar tóntegundir og tengsl formerkja í þeim.	
8. vika (20. – 24. feb 2023)	Aðaltónar skoðaðir og útskýrðir. Notkun 8va og 8vb kunngerð og unnið með þau tákn. Ýmsar tónheyrnaræfingar.	
9. vika (27. feb. – 3. mars '23)	Rýnt í ítölsk orð og merkingu þeirra. C-lyklar kannaðir og staðsetning nótna í þeim og viðeigandi áttundaheiti. Ýmsar tónheyrnaræfingar.	
10. vika (6. – 10. mars 2023)	Ýmis form og tónn hljóðfæra greindur eftir heyrn. Farið í þrástef og hermiröddun. Rifjuð upp niðurskrif mism. gerða molltóntegunda. Hryn- og sönglestur æfður.	
11. vika (13. – 17. mars 2023)	Sýnispróf skoðað og unnið	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

12. vika (20. – 24. mars 2023)	Annað sýnispróf skoðað og unnið	
13. vika (27. – 31. mars 2023 )	Hnykkt á tónfræðilegum þekkingaratriðum sem tilheyra áfanganum. Ýmsar tónheyrnaræfingar	
15. vika (3. – 7. apríl 2023)	. Páskafri	
16. vika (11. – 14. apríl 2023)	Endurlit á atriði sem búið er að fara í og ýmsar æfingar í framhaldi af því.	
17. vika (17. – 21. apríl 2023)	Enn annað sýnispróf skoðað og unnið	
18. vika (24. – 28. apríl 2023)	Upprifjun á ýmsu efni sem búið er að fara í. Tónheyrnarþjálfun.	
19. vika (2. – 5. maí 2021)	Próf úr efni annarinnar	Próf